



# SOS BARNAPORPIN

1.tlb.2018

## Öll börn vilja gott heimili

**FRÉTTABLAÐIÐ ER  
FJÁRÖFLUN**

Reikningsnúmer fyrir þitt framlag:  
0130-26-9049 - Kt. 500289-2529  
Eða hringdu í 907 1001 og gefðu  
þannig 1.000 kr.

**Hvert fóru framlögin 2017?**

**Málin leyst með ofbeldi?**



## SOS Barnaporpin í tölum

Tölurnar eiga við um árslok 2017 nema annað sé tekið fram

**85.000** – Munaðarlaus og yfirgefin börn sem búa í SOS Barnaorpum um allan heim

**135** – Aðildarlönd SOS Barnaorpanna

**7574** – SOS Barnaorp á heimsvísu

**241** – Leikskólar á heimsvísu

**185** – Grunnskólar á heimsvísu

**104** – Verknámsskólar á heimsvísu

**79** – Heilsugæslustöðvar á heimsvísu

**758** – Fjölskyldueflingarverkefni á heimsvísu

**6** – SOS Barnaorp í Finnlandi


**17** – SOS Barnaorp í Víetnam


**131** – SOS Barnaorp í Mið- og Suður Ameríku

**17.000.000 kr.** – Framlög íslenskra styrktarforeldra og barnaorpsvina til barna og barnaorpa í Sýrlandi á þessu ári m.v. núverandi fjölda styrktaraðila. Um áætlun er því að ræða.

**1.135** – M.v. 28. febrúar 2018. Íslenskir fjölskylduvinir sem greiða föst framlög til Fjölskyldueflingarverkefna og styðja þannig sárafátækar barnafjölskyldur til sjálfshjálpar.

**9.451** – M.v. 28 febrúar 2018. Íslenskir barnaorpsvinir og styrktarforeldrar.





Frá framkvæmdastjóra:

## Ofbeldi gegn börnum

Fyrr á þessu ári bárust fréttir af alvarlegu kynferðisofbeldi starfsmanna hjálparsamtaka gegn konum og börnum. Voru samtökin Oxfam og stofnanir Sameinuðu þjóðanna sérstaklega nefndar í þessu sambandi og vitnuðu íslenskir fjölmiðlar í erlendar fréttir af þessum málum.

SOS Barnaþorpin eru stærstu barnahjálparsamtök í heimi sem fara með forræði munaðarlausra og yfirgefina barna og annast samtökin tugi þúsunda barna nótt og dag.

SOS Barnaþorpin hjálpa um 600.000 börnum (þar af um 85.000 í barnaþorpum) á 2.708 stöðum í yfir 100 löndum og vinna um 40.000 starfsmenn fyrir samtökin. Af þessum tölum má sjá að hættunar leynast víða, einkum ef einhverjir starfsmenn hafa einbeittan brotavilja.

Árið 2016 komu upp samtals 21 tilvik í þeim 125 löndum sem samtökin starfa í. Um er að ræða tilvik þar sem barn eða ungmenni varð fyrir kynferðisáreiði eða –ofbeldi af hálfu starfsmanns.

Frá árinu 2008 hafa allir skjólstæðingar og starfsmenn SOS Barnaþorpanna getað tilkynnt um brot eða grun um brot með einföldum hætti, nafnlaust eða undir nafni. Öll börn fá fræðslu um þessi mál og hafa aðgang að nokkrum einstaklingum sem þau geta talað við og tilkynnt brot eða grun um brot.

Allar slíkar ábendingar fara í ákveðið ferli. Málið er kannað og brugðist við eftir alvarleika hvers máls. Sé um alvarlegar ásakanir að ræða er yfirvöldum strax gert viðvart og viðkomandi starfsmaður settur í leyfi eða jafnvel sagt upp. Þá er mikil áhersla lögð á vernd og áfallahjálp til handa þolendum og þeim sem tilkynnir um meint brot.

SOS Barnaþorpin hafa jafnvel gengið lengra en gengur og gerist til að vernda börnin. Í fyrra urðu SOS Barnaþorpin ein fjögurra barnahjálparsamtaka í heiminum til að fá

1. þreps vottun alþjóðlegu barnaverndarsamtakanna Keeping Children Safe en þau samtök hafa þróað vandaða alþjóðlega barnaverndarstaðla.

Ég vildi að ég gæti sagt að ekkert barn í okkar umsjá hefði orðið fyrir kynferðislegu áreiði eða ofbeldi af hálfu starfsmanna samtakanna. En þannig er það bara ekki. Við lifum í ófullkomnum heimi og brot af þessu tagi eiga sér stað að því er virðist í öllum geirum samfélagsins, í öllum löndum. Við munum aldrei geta komið í veg fyrir öll brot en við getum frætt börn og starfsfólk til að lágmarka hættuna og brugðist svo við með viðeigandi hætti þegar brot á sér stað. Hvort tveggja erum við nú þegar að gera og hvort tveggja er undir reglulegri endurskoðun, því við viljum alltaf gera eins vel og kostur er þegar kemur að vernd barna.

Þess vegna er SOS Barnaþorpunum betur treystandi fyrir umönnun munaðarlausra og yfirgefina barna en t.a.m. öðrum sem starfa tímabundið með stórum hópum skjólstæðinga og hverfa svo fljótt af vettvangi eins og raunin var í áður nefndum tilvikum Oxfam og Sameinuðu þjóðanna.

Takk fyrir traustið til SOS Barnaþorpanna og stuðninginn við börnin.

**Útgefandi:** SOS Barnaþorpin á Íslandi

**Ábyrgðarmaður:** Ragnar Schram

**Ritstjóri:** Ragnar Schram

**Heimilisfang:**

SOS Barnaþorpin | Hamraborg 1 | 200 Kópavogi

**Sími:** 564 2910

sos@sos.is www.sos.is

**Umbrot:** FÆRID

**Prentun:** Oddi

**Prófarkalestur:** Ragnar Ingi Aðalsteinsson

**Forsíðumynd:** Systkini í SOS Barnaþorpinu í Callao í Perú

# HVERNIG STYÐUR ÞÚ VIÐ BÖRNIN?

## Styrktarforeldri

Styrktarforeldri greiðir fast mánaðarlegt gjald, **3.900 kr.**, sem fer í framfærslu eins ákveðins barns sem er annað hvort munaðarlaust eða foreldrar þess geta ekki séð fyrir því. Barnið elst upp í SOS-fjölskyldu, sækir skóla og fær þörfum sínum mætt. Styrktarforeldrið veit hvaða barn þetta er, fylgist með uppvexti þess og fær reglulega nýja mynd af því. Styrktarforeldri getur sent barninu bréf og gjafir ásamt því að heimsækja það.

**Af framlagi Styrktarforeldra fara 85% í framfærslu barnsins og 15% í umsýslu, öryggismál, eftirlit, öflun nýrra styrktaraðila o.fl.**

## Barnaþorpsvinur

Barnaþorpsvinur greiðir fast mánaðarlegt gjald, **3.400 kr.**, sem fer í rekstur eins ákveðins barnaþorps og framfærslu þeirra barna sem þar búa, t.d. þeirra sem ekki eru með styrktarforeldra. Barnaþorpsvinir fá reglulega bréf frá þorpinu þar sem sagt er frá því sem hæst ber hverju sinni. Barnaþorpsvinum er velkomið að senda þorpinu bréf og heimsækja þorpið.

**Af framlagi Barnaþorpsvina hafa um 85% farið í rekstur þorpsins og framfærslu barnanna og 15% í umsýslu, öryggismál, eftirlit, öflun nýrra styrktaraðila o.fl.**

## Fjölskylduvinur

Algengt er að í nágrenni SOS Barnaþorpa búi mikill fjöldi barna sem á sárafatæka foreldra (oft einstætt foreldri) og fær grunnþörfum sínum ekki mætt. SOS Barnaþorpin hjálpa þessum fjölskyldum til sjálfshjálpar í gegnum svokallaða Fjölskyldueflingu. Fjölskylduvinir styðja þessi verkefni með mánaðarlegu gjaldi að eigin vali, að lágmarki **1.500 kr.**

Fjölskylduvinir fá reglulega fréttir af þeim verkefnum sem þeir styrkja hverju sinni. Nú í ár fara framlög íslenskra Fjölskylduvina í tvö Fjölskyldueflingarverkefni; í Eþíópíu og í Perú.

**Af framlagi Fjölskylduvina fara að lágmarki 80% beint í Fjölskyldueflingarverkefni, gjarnan meira. Að hámarki 20%, gjarnan minna, fara því í utanumhald, öflun nýrra Fjölskylduvina o.fl.**

## Frjáls styrktaraðili

Frjálsir styrktaraðilar styðja SOS Barnaþorpin þegar þeim hentar, t.d. með því að greiða valkröfu í heimabanka, kaupa jólakort samtakanna, minningarkort eða með millifærslu inn á reikning SOS svo dæmi séu tekin.

Þessi frjálsu framlög eru mjög mikilvæg þar sem þau gera okkur kleift að hjálpa þar sem þörfin er mest hverju sinni, t.d. þegar um er að ræða náttúruhamfarir. Þá gera frjáls framlög okkur kleift að halda úti fjáröflun, standa fyrir kynningum á hjálparstarfi SOS Barnaþorpanna í skólum o.m.fl.

**Markmið okkar er alltaf að sem hæst hlutfall af frjálsum framlögum fari í verkefni SOS erlendis. Af heildarframlögum okkar hafa undanfarin ár farið um 85% til verkefna en markmið okkar er að aldrei fari minna en 80% til verkefna.**

## Stærri gjafir

SOS Barnaþorpin víðs vegar um heiminn fá á hverju ári fjölda erfðagjafa þar sem fólk hefur ákveðið að láta eigur sínar að hluta eða öllu leyti renna til góðs málefnis eftir þess dag. Þá er einnig nokkuð um það að einstaklingar og fyrirtæki gefi stærri gjafir til samtakanna.

Sumar þessara gjafa eru eyrnamerkta ákveðnu verkefni eða landi. Hægt er að hafa samband við skrifstofu SOS Barnaþorpanna til að kynna sér og ræða útfærslur á stærri gjöfum og í hvað þær eiga að fara.

# MÁLIN LEYST MEÐ OFBELDI EÐA SAMTALI?



Íslenskir SOS Fjölskylduvinir styðja m.a. við Fjölskyldueflingu í Callao í Perú.

Einn af þáttum verkefnisins er að stuðla að samheldni og réttum tjáskiptum í fjölskyldum. Því miður er líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi innan fjölskyldna víða algengt og sumstaðar á slík hegðun sér menningarlegar skýringar. Þeir sem hafa líkamlega yfirburði eru yfirleitt þeir sem eru gerendur og eru það því oftast karlmenn sem beita konur og börn ofbeldi. Konur eru þó stundum gerendur, einkum í garð barna.

Í Callao eru það aðallega þekkingarleysi og arfleidd sem stuðla að þessari hræðilegu samskiptaleið. Fjölskylduefling SOS hjálpar ungum mönnum sem eru að verða feður og þeim sem eiga fjölskyldu að eiga samskipti án ofbeldis. Hvernig getur t.d. ungur maður gert sér grein fyrir tilfinningarússíðana konu sinnar á meðgöngunni? Þegar ákveðin verkaskipting er á heimilinu getur verið erfitt fyrir verðandi föður að átta sig á því hvers vegna barnshafandi konan hans verður þreyttari en áður og hve mikilvægt það er að hún fái stuðning og aðstoð. Þekkingarleysi hans getur hinsvegar leitt til ofbeldis.

Þegar karlmenn sækja fræðslu um þessi mál hjá Fjölskyldueflingu SOS læra þeir einnig að greina einkenni heimilisofbeldis. Þannig geta þeir verið mikilvægir þátttakendur í að hjálpa öðrum og smátt og smátt breytist umhverfið.

Það er mikilvægt að geta tjáð sig með orðum í stað þess að reiða hönd á loft og beita ofbeldi. Ofbeldið hefur nefnilega sálræn áhrif

---

Einn þátttakenda í verkefninu, 28 ára gamall faðir segir: **„Ég var alltaf að öskra á son minn. Stundum refsaði ég honum og lét hann hafa það óþvegið. Ég er hættur að missa stjórn á mér, ég held ró minni og reyni að vera þolinmóður. En ég er enn að bæta mig og ég finn að sonur minn er enn stundum hræddur við mig og býst við því versta.“**

---

á börn, hvort sem þau eru beinir þolendur eða verða vitni að heimilisofbeldi. Þá eru þau jafnframt líklegri til að beita sjálf ofbeldi þegar þau verða eldri.

Ef okkur tekst að fækka ofbeldisverkum inná heimilum með fræðslu þá fækkar börnum sem alast upp við ofbeldi og þau verða ólíklegri gerendur í framtíðinni. Dropinn holar steininn og dropar Fjölskyldueflingar SOS hola steina á hverjum degi.





# HVERNIG ER EFTIRLITIÐ MEÐ FJÁRMÁLUM SOS?

Þorsteinn Arnórsson, fjármála og fjáröflunarstjóri SOS Barnaþorpanna á Íslandi skrifar:

SOS Barnaþorpin kappkosta að upplýsa þann sem leggur félaginu lið um alla þætti starfsins og eru fjármál þar ekki undanskilin. Gegnsæi er einn mikilvægasti þátturinn í starfinu. Allir þeir sem styrkja samtökin eiga að vita hvert framlagið fer og geta heimsótt barnaþorp eða önnur verkefni samtakana til að geta kynnt sér starfið. Þannig viljum við tryggja að spilling og óreiða verði aldrei liðin.

SOS Barnaþorpin starfa í 135 löndum sem eru jafn ólík og þau eru mörg. Um er að ræða stærstu barnahjálparsamtök í heimi sem fara með forræði barna. Samtökin eru með yfir 85.000 börn á sinni framfærslu í barnaþorpum en þar að auki eru um 500.000 börn í öðrum verkefnum. Samtökin sinna einnig neyðarverkefnum og nauðsynlegt er að tryggja öryggi og eftirlit á erfiðum tímum á hamfara- og átakasvæðum. Hvar sem er í heiminum á eftirlitið að vera það sama.

## ÞITT FRAMLAG

Um leið og styrktarforeldri eða barnaþorpsvinur greiðir framlag til SOS Barnaþorpanna ábyrgjumst við að 85% fari til styrktarbarnsins eða barnaþorpsins. 15% fara m.a. í það eftirlit sem hér er fjallað um ásamt því að ná í fleiri styrktaraðila. Hluti af þessum 15% fara líka í að halda úti heimasíðu, tölvukerfi, að endurskoða ársreikninga og í viðurkennt bókhald með aðgreindum störfum til að lámarka áhættu. Með þínu framlagi ertu að tryggja barni/börnum góða framtíð. Einnig aðstoðar þú okkur við að hafa verkferla og upplýsingar eins gegnsæ og kostur er.

Af framlagi Fjölskylduvina fara að lágmarki 80% til fjölskylduefingarverkefna en 20% í utanumhald. Ástæðan fyrir því er að eftirlit er flóknara í fjölskylduefingu en þar náum við til fleiri barna á verkefnatímanum.

**Allar upplýsingar eiga að vera aðgengilegar styrktaraðilum og þeir eiga rétt á slíku. Við munum halda áfram að auka gegnsæi en bæði gagnvirka kortið og ársreikningarnir eru aðgengileg á heimasíðu okkar undir SOS á Íslandi – fjármál.**

Öll aðildarlönd SOS þurfa að tileinka sér vinnuaðferðir sem byggja á eftirlitsferlum og eru hluti af alþjóðlegum stöðlum. Hvert land og hvert verkefni þarf að hafa viðurkennda alþjóðlega endurskoðunarstofu svo að verkferlarnir séu viðurkenndir.

### Hvert heimili með bókhald

Áætlanir eru mikilvægar til að samtökin viti um kostnað í hverju landi og því þarf hver SOS móðir í barnaþorpi að gera áætlun um útgjöld. Þannig er vitað hversu mikið við þurfum að safna fyrir viðkomandi fjölskyldu. Út frá áætlun eru svo fengnir styrktarforeldrar til að greiða kostnað við upphald barnanna og rekstur heimilisins og eru allir reikningar sem móðir greiðir færðir í bókhaldskerfi. Þess vegna er áætlanagerð mikilvæg bæði hjá þeim sem sinna börnum og verkefnum og líka í löndum eins og Íslandi sem safna fé til að aðstoða börn og styrkja verkefni. Þannig getum við aukið skilvirkni og um leið tryggt aðhald og eftirlit.

### Hvaða leið fer fjármagnið?

Þegar styrktaraðili á Íslandi gefur vilyrði fyrir styrk er framlagið merkt viðkomandi styrktarbarni, barnaþorpi eða verkefni. Í hverjum mánuði eru upplýsingar um hversu háa upphæð við höfum vilyrði fyrir frá styrktaraðilum settar í miðlægt kerfi samtakanna í Austurríki. Við tökum við framlaginu og á sama tíma senda barnaþorpin upplýsingar um fjárförf út frá sínum áætlunum inn í kerfið. Að lokum eru þessar upplýsingar keyrðar saman. Þegar fjármagnið er komið á bankareikning SOS á Íslandi er framlagið greitt til alþjóðaskrifstofu SOS Barnaþorpanna innan þriggja mánaða. Alþjóðaskrifstofan sér til þess að aðildarlöndin hafi skilað áætlunum.

### Er hættu á spillingu?

Þótt kerfið sé gegnsætt og ferlar séu til staðar þá er ávallt hættu

á misferli. En með öllum aðgerðum er verið að lágmarka áhættu eins og kostur er. Innan SOS Barnaþorpanna á heimsvísu skrifa allir starfsmenn undir siðareglur og þar er skýrt tekið fram að spilling verður aldrei liðin innan samtakanna. Orðsporið er það allra mikilvægasta sem samtökin eiga. Við störfum í löndum þar sem spilling er hluti af efnahagskerfinu og jafnvel hluti af menningunni. Slíkt flækir störf samtakanna þar sem við gerum ríka kröfu um heiðarleika. Við höfum lent í því að skrifræðið hefur hægt á umbótum en þrátt fyrir það höldum við okkar striki. Við getum ekki gefið afslátt á eftirliti. Því geta hlutirnir stundum gengið hægar fyrir sig og jafnvel verið dýrari í framkvæmd.

### Aukið aðgengi að gögnum

Á síðustu árum, meðal annars vegna aukinna tækniframfara, getum við fengið ítarlegri upplýsingar sem hjálpa okkur að rekja framlögin alla leið í hvert barnaþorp og til hvers barns. Við kappkostum að opna bókhald til að okkar styrktaraðilar hafi aðgang að upplýsingum. Í fyrra var búið til gagnvirkir heimskort þar sem heildarupphæð á hvert barnaþorp var tilgreind og viljum við gjarnan taka fleiri skref í þessa átt. Heimskortið er aðgengilegt á [sos.is](http://sos.is).

### Kostnaður við eftirlit

Markmið SOS Barnaþorpanna er að sem mest fari í verkefni og rekstrarkostnaður má ekki vera hærra en 20% af heildartekjum samtakanna. Hlutfallið hefur aldrei farið yfir 20% en árið 2017 var hlutfallið 17%. Þannig getum við tryggt að þeir sem styrkja með frjálsum framlögum eins og valkröfum í heimabanka eru með sama hætti að styrkja verkefni erlendis. Slík framlög eru afar mikilvæg og því hjálpa frjáls framlög, t.d. valkröfur og útsendingar (buff, fjölnota pokar, jólakort o.fl.) okkur að bregðast við neyð eða styðja við verkefni sem koma upp með stuttum fyrirvara, t.d. neyðaraðstoð.




# HVERT FÓRU FRAMLÖGIN 2017?

Grunnurinn í starfsemi SOS Barnaþorpanna er að gefa munaðarlausum og yfirgefnum börnum nýtt tækifæri í lífinu, sjá þeim fyrir fjölskyldu, heimili og menntun og mæta grunnþörfum þeirra. Í dag eru um 85.000 börn á framfæri SOS Barnaþorpanna og eru það fyrst og fremst styrktarforeldrar og barnaþorpsvinir sem gera þetta hjálparstarf kleift með því að greiða framfærslu barnanna og rekstur þorpanna.

Í fyrra greiddu íslenskir styrktarforeldrar og barnaþorpsvinir 392,5 milljónir króna til styrktarbarna sinna og þorpa (af þeim framlögum fara 85% til þorpanna og 15% í umsýslu og eftirlit). Skiptist þessi upphæð á milli 437 barnaþorpa í 107 löndum. Af upphæðinni voru um 11,7 milljónir peningagjafir til barna og þar með eyrnamerkta framtíðarreikningum þeirra barna sem gjafirnar voru ætlaðar (peningagjafir fara óskiptar á reikninga barnanna).

Er þetta um 12% aukning á framlögum frá fyrra ári. Hér á opnunni má sjá til hvaða landa upphæðirnar fóru. Gagnvirkt Google heimskort má finna á [www.sos.is](http://www.sos.is) þar sem skoða má framlög til hvers einasta þorps í öllum löndunum 107. Þar kemur líka fram hve háar peningagjafir fóru til barna í hverju þorpi.



1. Indland	39.547.932	20. Banglades	5.459.700	39. Laos	3.398.000
2. Síryland	15.067.382	21. Simbabve	5.350.750	40. Kosta Ríka	3.249.850
3. Nepal	13.128.655	22. Burundi	5.227.000	41. Ungverjaland	3.107.750
4. Sambía	11.923.350	23. Perú	5.204.900	42. Síerra Leóne	3.000.500
5. Kenía	10.398.950	24. Kína	4.865.250	43. Tíbet	2.968.100
6. Eþíópía	9.860.650	25. Botsvana	4.846.700	44. Gvatemala	2.919.625
7. Úganda	8.536.000	26. Tailand	4.830.750	45. Rússland	2.906.250
8. Kongó	8.485.300	27. Búrkina Fasó	4.624.500	46. Paragvæ	2.777.750
9. Gana	8.129.508	28. Gambía	4.503.250	47. Bosnía	2.744.750
10. Malí	7.931.050	29. Rúanda	4.366.650	48. Jórdanía	2.735.500
11. Bólívía	7.142.808	30. Gínea-Bissá	4.301.500	49. Togó	2.578.750
12. Fílabeinströndin	6.308.000	31. Líbería	4.152.425	50. Sómalía	2.574.500
13. Senegal	6.032.350	32. Indónesía	4.112.008	51. Mósambik	2.553.100
14. Malaví	5.963.300	33. Víetnam	4.026.100	52. El Salvador	2.541.050
15. Kambodía	5.962.742	34. Mexíkó	3.911.800	53. Hvíta-Rússland	2.534.641
16. Nígería	5.861.750	35. Benín	3.804.300	54. Kirgisistan	2.471.500
17. Tansanía	5.861.478	36. Palestína	3.768.275	55. Rúmenía	2.471.250
18. Filippseyjar	5.853.050	37. Síle	3.435.500	56. Hondúras	2.457.250
19. Sri Lanka	5.469.000	38. Haítí	3.415.500	57. Armenía	2.451.250





58. Súdan	2.450.100	77. Sómalíland	1.442.635	96. Norður Kýpur	981.250
59. Ekvador	2.404.500	78. Kolumbía	1.431.250	97. Aserbaídján	981.050
60. Nikaragúa	2.403.000	79. Albanía	1.385.292	98. Ísrael	865.000
61. Serbía	2.383.000	80. Jamaíka	1.377.850	99. Makedónía	756.250
62. Gínea	2.332.900	81. Kamerún	1.337.000	100. Búlgaría	700.600
63. Líbanon	2.289.250	82. Lesótó	1.333.550	101. Grikkland	669.000
64. Úsbekistan	2.243.000	83. Níger	1.295.250	102. Mongólía	521.750
65. Króatía	2.236.750	84. Úrúgvæ	1.282.010	103. Alsír	382.500
66. Angóla	2.229.850	85. Miðbaugs-Gínea	1.251.250	104. Tékkland	382.500
67. Venesúela	1.933.750	86. Namibía	1.242.850	105. Pólland	291.750
68. Marokkó	1.910.250	87. Lettland	1.237.000	106. Kosóvó	234.250
69. Suður Afríka	1.853.750	88. Litháen	1.225.100	107. Madagaskar	87.750
70. Dóminísk. lýðv.	1.842.500	89. Suður Súdan	1.208.150		
71. Grænhöfðaeyjar	1.779.250	90. Brasilía	1.153.750		
72. Svasíland	1.731.000	91. Argentína	1.150.500		
73. Georgía	1.556.450	92. Panama	1.112.000		
74. Kasakstan	1.497.500	93. Mið-Afríkulýðv.	1.062.000		
75. Tsjad	1.497.000	94. Eistland	1.059.450		
76. Túnis	1.463.750	95. Sansibar	1.008.750		
				<b>Samtals:</b>	<b>392.598.316</b>

# STRÍÐ Í SJÖ ÁR

Í mars síðastliðnum voru liðin sjö ár frá því að stríðið í Sýrlandi hófst sem þýðir að sjö ára sýrlensk börn hafa aldrei upplifað líf án stríðsátaka. SOS Barnaþorpin hófu starfsemi í Sýrlandi árið 1981 og því vel í stakk búin til að aðstoða þegar stríðið brast á. Starfsemi samtakanna hefur þó vaxið mikið undanfarin ár vegna neyðarinnar.

„Við megum aldrei gleyma hvaða afleiðingar átökin hafa haft á heila kynslóð barna,“ segir Alia Al-Dalli, svæðisstjóri SOS Barnaþorpanna í Mið-Austurlöndum. „Hér er gríðarleg þörf á langtíma umönnun barna sem orðið hafa fyrir ofbeldi, foreldramissi og aðskilnaði. Sem betur fer eru SOS Barnaþorpin að sinna þeirri þörf.“

Frá því að stríðið hófst hafa SOS Barnaþorpin aðstoðað um 93 þúsund börn og 52 þúsund fjölskyldur í Sýrlandi. Neyðaraðstoð SOS er staðsett í Aleppo, Damaskus og Tartous. Hún felst meðal annars í barnvænum svæðum, neyðarskólum fyrir börn, læknisaðstoð, sálfræðiaðstoð og menntun. Þá er sameining fjölskyldna forgangsmál hjá SOS Barnaþorpinum.

## Barnaþorpin

Nýtt SOS Barnaþorp hefur verið opnað í Damaskus þar sem börn sem misst hafa foreldra sína fá nýtt heimili. Um er að ræða gamalt hótelhúsnæði sem SOS Barnaþorpin keyptu og standsettu fyrir börnin. Þetta er viðbót við barnaþorpin tvö sem voru fyrir í Sýrlandi. „Við leggjum okkur fram við að vernda börnin sem við önnumst, hvort sem þau eiga heima í SOS Barnaþorpi eða annars staðar,“ segir Ghufam Awera, forstöðumaður nýja þorpsins.

Nýja barnaþorpið var opnað í lok síðasta árs. Þar er bæði fótboltavöllur og leikvöllur sem börnin nota óspart og iðar þorpið af lífi. Alls búa um 300 börn í SOS Barnaþorpinum þremur í Sýrlandi.

## Tímabundin heimili

SOS Barnaþorpin, ásamt samstarfsaðilum, skapa fylgdarlausum flóttabörnum tímabundið heimili þar til úrræði finnast. Ef engin lausn er í sjónmáli og fjölskylda barnanna finnst ekki fá þau framtíðarheimili í SOS Barnaþorpi eða í öðru viðeigandi úrræði.

## Menntun

SOS Barnaþorpin tryggja menntun fyrir mörg hundruð börn í Damaskus sem hætt hafa í skóla á undanförunum árum. Fjölskyldur þeirra fá fjárhagsaðstoð svo þær geti búið við viðunandi aðstæður, sent börnin í skóla og keypt skólabúninga og námsgögn.

## SOS miðstöð fyrir börn og unglunga

SOS miðstöð fyrir börn og unglunga var opnuð í nóvember 2017. Um er að ræða börn sem eiga fjölskyldur en þurfa samt sem áður á mikilli umhyggju og sálrænni aðstoð að halda. „Flest börnin sem koma í miðstöðina þurfa á mikilli áfallahjálp að halda. Mörg hafa orðið fyrir ofbeldi og öll hafa þau þurft að hætta í skóla“ segir Mohammad Massoud, forstöðumaður miðstöðvarinnar.



Kona í Aleppo þiggur matvælaaðstoð frá SOS Barnaþorpinum

## Barnvæn svæði

SOS reka nokkur barnvæn svæði í Sýrlandi. Þangað geta börn komið og fengið aðstoð við nám, sálfræðipjónustu, mat og drykki, leikið sér og hitt önnur börn.

## Hreint vatn

Á meðan umsátursástand varði í norðurhluta Aleppo á síðasta ári útveguðu SOS Barnaþorpin drykkjarvatn fyrir að minnsta kosti 16 þúsund manns á hverjum degi.

## Matvælaaðstoð

Barna fjölskyldur í Aleppo hafa fengið matvælaaðstoð frá SOS Barnaþorpinum. Einnig hefur öðrum nauðsynjum verið dreift, t.d. hreinlætispökkum og hlýjum fatnaði.



Börn sem misst hafa foreldra sína í stríðinu og eignast nýja fjölskyldu og heimili í nýja barnaþorpinu í Damaskus

# ENDURBYGGING GRUNNSKÓLA

SOS Barnaporpin á Íslandi, með dyggum stuðningi styrktaraðila, fjármögnuðu endurbyggingu á grunnskóla í borginni Aleppo í Sýrlandi. Kostnaður var tæpar 12 milljónir króna en framkvæmdum er að ljúka nú á vormánuðum.

Í haust munu yfir 500 börn hefja nám í skólanum sem verður öllum börnum opinn, burt séð frá uppruna þeirra, trú eða afstöðu foreldra í stríðinu. Um er að ræða hverfi sem heitir Alsukkari en undanfarna mánuði hafa barnafjölskyldur flutt aftur í hverfið eftir langan tíma á flóttu. Þrátt fyrir að stríðinu sé langt frá því að vera lokið er ástandið orðið stöðugra á sumum svæðum í landinu.

Yfirvöld segjast vilja byggja samfélagið upp á ný og koma börnum aftur í skóla en talið er að 50% barna á aldrinum 5-18 ára í austurhluta Aleppo fari ekki í skóla vegna stríðsástandsins. Margir skólar hafa verið notaðir sem fangelsi eða skýli og sumir eru hreinlega orðnir að rústum.



FYRIR



EFTIR

## 500 þúsund til Aleppo

Sigurður Jónsson lést árið 2015, aðeins 43 ára gamall. SOS Barnaporpin hafa fengið gjöf að upphæð 500.000 kr. úr sjóði Sigurðar Jónssonar (Sigga). Framlagið mun að öllu leyti styðja við uppbyggingu skóla í Aleppo í Sýrlandi, sem SOS Barnaporpin koma að. Sigurði Jónssyni (Sigga) þótti afar vænt um börn og sérstaklega þau sem áttu erfitt uppdráttar vegna veikinda eða heimilisaðstæðna og því vildu aðstandendur hans leggja þessu verkefni lið.

**Við þökkum aðstandendum Sigurðar kærlega fyrir framlagið og megi minning hans lifa.**

*Myndin hér til hliðar er af Sigga ásamt yngstu systkinum sínum (Sonju og Sindra Jónsbörnum). Siggja átti sex systkini sem eru: Guðrún Hulda, Kristín, Linda, Eva Sif, Sonja og Sindri).*



# ÞORPIN ÞRÓAST





Filippseyjar

SOS Barnaþorpinn hafa þróað starf sitt í gegnum árin með það í huga að hjálpa sem flestum börnum á skilvirkan máta. Samtökin leggja mikla áherslu á aðstoð við foreldraless börn en einnig þau sem eru í hættu á að verða það.

Þar sem samtökin starfa í 135 löndum er mikilvægt að vera sveigjanleg en þó einnig staðföst í þeim ólíku nálgunum sem samtökin standa fyrir þegar kemur að umönnun barna. **Barnaþorpin** sjálf eru þó grunnstarfsemi samtakanna og í dag búa yfir 85 þúsund börn í barnaþorpum um heim allan. Þar fá munaðarlaus og yfirgefin börn nýtt heimili og fjölskyldu. Í hverri fjölskyldu er SOS foreldri og fjögur til tíu börn og búa þau saman á heimili. Um er að ræða einingu sem líkist hefðbundinni fjölskyldu að öllu leyti.

SOS Barnaþorpin eru eins misjöfn og þau eru mörg þó mörg þeirra séu nokkuð svipuð í útliti, sér í lagi í Afríku og Asíu. Staðreyndin er sú að þorpin hafa þróað tölulvert í gegnum árin og skyldi engan undra þar sem samtökin voru stofnuð fyrir 70 árum.

Sífelld fleiri barnaþorp eru til að mynda orðin **hluti af samfélaginu**, þ.e. að þau eru ekki lokuð af heldur er t.d. um að ræða eina götu, eina hæð í fjölbýlishúsi eða



Filabeinsströndin



Kólumbía

nokkur hús sem dreifð eru um hverfið. Þetta er gert með það að markmiði að SOS börnin kynnist betur börnum í nágrenninu og séu virkir þegnar í samfélaginu. Ekki er þó alltaf mögulegt að þorpin séu opin á þennan hátt þó um sé að ræða stefnu sem samtökin vilja þróa enn frekar á komandi árum.

SOS Barnaþorpin setja hagsmunum barnanna alltaf í forgang og hvert tilvik er metið fyrir sig. Á meðan sum börn þurfa á langtímaúrræði að halda eru önnur sem þurfa aðeins á **tímabundnu heimili** að halda. SOS reka nokkur þannig heimili, t.d. í löndum þar sem fylgdarlaus flóttabörn eru mörg en þar dvelja börn/ungmennir á meðan verið er að leita uppi fjölskyldu þeirra. Einnig reka SOS Barnaþorpin **neyðarskýli** sem gegna mikilvægu hlutverki, sérstaklega í stríðshrjádum löndum. Þá eru í sumum löndum **tímabundin SOS heimili fyrir mæður og börn**.

Í nokkrum löndum, t.d. í Evrópu, hafa SOS Barnaþorpin stigið inn í **fósturkerfið**. Stundum er það lögum samkvæmt að börn þurfa að vera í fóstri og í þeim tilvikum verða SOS foreldrarir fósturforeldrar barnanna. Í öðrum tilvikum þjálfa samtökin fósturforeldra á vegum ríkisins, útvega heimili fyrir fjölskyldurnar og fleira, allt í þeim tilgangi að börnin fái gott heimili.



Kósovó

## 143 þúsund frá ungmennaráði

Ungmennaráð SOS Barnaþorpanna hélt sinn fyrsta viðburð í febrúar síðastliðnum. Um var að ræða tónleika og happdrætti sem ráðið skipulagði sem fjáröflun fyrir neyðaraðstoð SOS Barnaþorpanna í Grikklandi þar sem samtökin starfa með fylgdarlausum ungmönnum á flóttu. Alls söfnuðust um 143 þúsund krónur sem renna beint til verkefnanna.

Viðburðurinn var haldinn í Stúdentakjallaranum og var mætingin mjög góð. Gestir gátu keypt happdrættismiða á 1.000 kr. og styrkt þannig verkefni SOS í Grikklandi. Vinningarnir voru ekki af verri endanum en fjölmörg fyrirtæki gáfu vinninga í þágu góðs málefnis.



Við þökkum ungmennaráðinu kærlega fyrir framlagið og framtakið!


## SÓLARORKUKNÚIÐ VATNSHREINSITÆKI SEM SKIPTIR SKÖPUM



Fjölskylduefning SOS Barnaþorpanna í Tulu Moye í Eþíópíu hófst nú í byrjun árs. Verkefnið styður við 1500 börn og forráðamenn þeirra á svæðinu sem berjast við mikla fátækt. Flestir skjólstæðingar verkefnisins eru einstæðar mæður sem hafa ekki efni á að fæða eða klæða börn sín. Vandamálin eru mörg í Tulu Moye. Þar má helst nefna brottfall barna úr skóla og vannæringu. Þá eiga fæst börnin fót til skiptanna og aðeins helmingur barnanna á skó. Sjúkdómar sem hægt er að koma í veg fyrir eru algengir, t.d. malaría, mislingar og taugaveiki.

Skjólstæðingar verkefnisins fá aðgang að heilsugæslu, mataraðstoð, menntun og fræðslu ásamt því að þeir geta fengið örlán frá SOS Barnaþorpunum svo þeir geti hafið eigin atvinnurekstur. Þá fá allar fjölskyldurnar í verkefninu sólarorkuknúið vatnshreinsitæki sem metur hvenær vatn er orðið drykkjarhæft.

Vatnshreinsitækið er þróað af vísindamönnum í Evrópu. Það nemur styrk UV sólargeislanna sem drepa sýkla og örverur og er þannig búið að á því getur bæði birst broskarl og fýlukarl. Ef plastflaska full af vatni er látin liggja úti í sólinni og tækið við hliðina á, gefur broskarlinn til kynna að vatnið sé orðið drykkjarhæft. Svo lengi sem fýlukarlinn er á tækinu, er vatnið enn ódrykkjarhæft. Með þessu móti er hægt að sporna við sjúkdómum sem orsakast vegna óhrens drykkjarvatns.



EKKI STANDA ALLAR ÓSKIR

ÖNNU &  
SIGURÐAR

SKRIFAÐAR Í SKÝIN...

ÞESS VEGNA GERÐU ÞAU ERFÐASKRÁ



**SOS  
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili

Fjöldi umkomlausra barna hefur fengið nýtt líf og nýja von vegna erfðagjafa frá stuðningsaðilum SOS Barnaþorpanna.

Hafðu samband við okkur til að fá sendan bæklinginn „Eftir þinn dag“ eða til að fá frekari upplýsingar um erfðagjafir til samtakanna. Sími 564 2910. Netfang [sos@sos.is](mailto:sos@sos.is).

# VILT ÞÚ GREIÐA FYRIR FRÉTTABLAÐIÐ OG STYRKJA ÞANNIG VIÐ VERKEFNI SOS BARNABORPANNA UM ALLAN HEIM?

Reikningsnúmer: 0130-26-9049

Kennitala: 500289-2529



EINNIG ER HÆGT AÐ HRINGJA Í  
SÍMANÚMERIÐ 907-1001 OG GEFA  
ÞANNIG 1000.KR. STAKT FRAMLAG  
TIL SOS BARNABORPANNA.

TAKK FYRIR STUÐNINGINN!